

Ágætu íbúar og aðstandendur,

Neyðarstjórn Hrafnistu hefur ákveðið að opna fyrir heimsóknir á heimilin með ákveðnum takmörkunum, þar sem nýgengi COVID-19 smita er á hægri niðurleið í samfélaginu. Samfélagið er enn á viðkvæmu stigi í faraldrinum, en við gerum okkur ljóst að samvera íbúa við sína nánustu eykur lífsgæði þeirra. Þessar heimsóknarreglur verða endurskoðaðar 29. október.

Heimsóknareglur sem gilda frá 22. – 29. október

- Aðeins **einn gestur** hefur leyfi til að heimsækja hvern íbúa tvisvar sinnum frá 22. – 29. október og biðjum við um að **sami gestur** komi í heimsókn í bæði skiptin.
- **Heimilið er opið frá: (upplýsingar um heimsóknartíma veitir hvert heimili fyrir sig).**
- Allir gestir þurfa að koma með andlitsgrímu (maska). Óheimilt er að koma með taugrímu.
- Þar sem flest smit í þjóðfélaginu eru á aldursbilinu **18-29 ára viljum við að heimsóknargestur sé ekki á því aldursbili. Börn undir 18 ára hafa ekki leyfi til að koma í heimsókn.**
- Undanþága frá þessari reglu er aðeins veitt við mikil veikindi íbúa og þarf að fá leyfi vaktstjóra deildar.
- Viðkomandi gestur þarf að spritta hendur um leið og komið er inn, í upphafi heimsóknar.
- Við biðjum ykkur um að fara beint inn á herbergi til íbúans og ekki stoppa og spjalla á leiðinni. Ef íbúi er ekki inni á herbergi biðjið þá starfsfólk um að sækja hann, ekki gera það sjálf.
- **Virðið 2ja metra regluna** og forðist snertingu við íbúa eins og hægt er.
- Að heimsókn lokinni farið þá beint út án þess að stoppa og spjalla á leiðinni. Vinsamlegast sprittið hendur við brottför.
- Heimilt er að fara með íbúa út í göngutúr í nærumhverfi meðan á heimsókn stendur.
- **Ekki er heimilt að íbúi fari út í bíltúr eða í heimsókn með heimsóknargesti sínum.**

Vinsamlega athugið:

- a. Ekki koma í heimsókn ef þú ert í einangrun eða sóttkví
- b. Ekki koma í heimsókn ef þú ert að bíða eftir niðurstöðu úr sýnatöku.
- c. Ekki koma í heimsókn ef þú ert með flensueinkenni (kvef, hósta, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl).
- d. Ekki koma í heimsókn ef þú varst erlendis fyrir minna en 14 dögum.

Með vinsemd og virðingu,
Neyðarstjórn Hrafnistu.